

Fréttapistill frá forseta Íslands

26. apríl 2021

Í fyrradag setti ég Stóra plokkgaginn formlega í Laugardalnum í Reykjavík, ásamt ungum stúlkum í Náttúruklúbbnum í Laugarneshverfinu, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Líf Magneudóttur, formanni umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar. Náttúruklúbburinn er sjálfsprottið framtak stúlkanna sem vilja láta gott af sér leiða. Manni virðist framtíðin björt þegar maður kynnist dugnaðarforkum ungu kynslóðarinnar. Við, sem eldri erum, ættum ekki að ala á loftslagskvíða og láta í veðri vaka að heimurinn sé á heljarþröm. Von um betri tíð liggur í kappi og krafti, nýjum lausnum og vorhug. Hér nefni ég einnig að í Laugardalnum létu eldri borgarar ekki sitt eftir liggja, gaman var að hitta þar Gerði G. Bjarklind sem er landsmönnum að góðu kunn eftir þularstarf í útvarpinu í áratugi. Hún plokkar reglulega á gönguferðum sínum.

Stóri plokkgagurinn var haldinn í heiðri víða um land. Fólk hreinsaði umhverfi sitt og um leið var vakin athygli á mikilvægi aukinnar sjálfbærni, endurnýtingar og virðingar við móður náttúru. Hér á Álftanesi náði ég smá skokki og plokki við Bessastaðaveg og á göngustígnum út að undirgöngunum á Álftanesvegi. Afraksturinn má sjá á mynd sem hér fylgir, mikið til matar- og drykkjarumbúðir, sigarettustubbar og nikótínþúðar. Auðvitað er það frekar fúlt en þó held ég að það megi segja að þessar slóðir séu sæmilega hreinar og fallegar að sjá.

Á þriðjudaginn var átti ég fund með Krístrúnu Friðsemd Sveinsdóttur, formanni CLF á Íslandi (Candle Light Foundation). Þau hjálparsamtök voru stofnuð árið 2001 og er þeim ætlað að aðstoða stúlkur í Úganda til náms og tækifæra í lífinu. Samtökin reka skóla ytra sem á annað hundrað nemenda sækja. Í fyrra hófst fræðsluáttak um blæðingar með það markmið að draga úr brottfalli úr skóla og skömm vegna þeirra. Nú er stefnt að því að stækka skólann og er hafin fjáröflun í því skyni. Nánari upplýsingar um hana og starf CLF má sjá á heimasíðu samtakanna, www.clf.is.

Sama dag hitti ég að máli forystusveit Heilabrota, nýrra samtaka um úrræði og endurhæfingu fyrir fólk með hegðunarvanda eftir heilaskaða. Á Íslandi hefur sá hópur lent milli skips og bryggju en nú er áformað að bæta úr því. Ekki virðist vanta vilja til þess en brýnt er þó að sátt náist mill fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar. Ljóst er að fjármunir til þessa málaflokks munu sparast á öðrum sviðum, í ljósi þess að fólk með heilaskaða mun frekar geta lagt samfélaginu lið ef það fær notið árangursríkrar endurhæfingar. Ég hef áður nefnt að framlög til forvarna, lýðheilsu og geðheilsu skila sér örugglega í sparnaði á öðrum sviðum heilbrigðiskerfisins því að þá þarf færri aðgerðir, færri sjúkrarúm og færri vistunarúrræði.

Miðvikudagurinn 21. apríl var gleðidagur í þjóðarsögunni. Þá minntumst við Íslendingar þess að rétt öld var liðin frá því að Danir komu færandi hendi með Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða, fyrstu handritin sem skilað var í samræmi við samkomulag íslenskra og danskra stjórnvalda um skiptingu þeirra eftir aldalanga geymslu í Kaupmannahöfn. Ég skrifaði greinar um þá sögu í Fréttablaðið hér heima

og Berling í Danmörku eins og við höfum einatt kallað blaðið Berlingske tidende, sem nú heitir víst aðeins Berlingske. Greinarnar má lesa hér: www.forseti.is/fréttir/2021-04-21-handritin-heim/

Á fimmtudaginn var, sumardaginn fyrsta, ýtti ég úr vör árlegri fjáröflun Barnaheilla. Til sölu eru lítil handljós og rennur allur ágóði til styrktar forvarnafræðslunni Verndarar barna. Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu samtakanna, www.barnaheill.is.

Á föstudaginn bárust þau gleðitíðindi úr heimi íþróttanna að sundmaðurinn kunnir, Már Gunnarsson, hefði sett heimsmet í 200 metra baksundi á Íslandsmeistaramótinu í flokki blindra. Bætti hann þar tæplega 30 ára gamalt met Bandaríkjamannsins Johns Morgans frá Ólympíumóti fatlaðra í Barcelona árið 1992. Ég óska Má hjartanlega til hamingju með þennan glæsilega árangur og óska honum alls velfarnaðar, ekki síst á Ólympíumótinu í Tókýó í sumar. Þær heillaóskir gilda að sjálfsgöðu líka um öll önnur sem halda þangað til keppni.

Gleðilegt sumar, öll sömul!